

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans.

143

4. júlí

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvörðun sína um ávöxtun sjóðsins, úthlutun úr honum og annað sjóðnum viðvíkjandi, sem máli skiptir.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema til samræmingar löggjöf, er kynni að fara í bága við ákvæði hennar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta ríkisins á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Áhaldasjóð Iðnskólans í Reykjavík“ útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 4. júlí 1950. Skipulagsskráin er þannig:

144

4. júlí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Áhaldasjóð Iðnskólans í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 8. apríl 1949 af þeim iðnaðarmönnum, er luku burtfararprófi úr Iðnskólanum í Reykjavík vorið 1934 og voru á lífi við stofnun hans.

Leggi aðrir árgangar frá skólanum fé í sjóðinn, skulu þeir árgangar teljast meðstofnendur hans, og þeirra getið í gerðabók sjóðsins og aftan við skipulagsskrá.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur sem þessir iðnaðarmenn gáfu þann dag.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að fyrir fé hans verði útveguð handa Iðnskólanum í Reykjavík þörf áhöld og verkfæri, sem nota þarf við kennslu eða rannsóknir í skólanum, en ekki fæst fé til á annan hátt. Má verja til þess vöxtum og höfuðstól, en vinna skal að því, að afla honum tekna til uppbótar, ef höfuðstóllinn er skertur.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við áheitum og minningargjöfum, afmælisgjöfum o. fl., og ber stjórn hans og öðrum aðstandendum að vinna að því, að hann eflist á allan hátt, sem rétt þykir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, einn maður kosinn af iðnfræðsluráði og einn maður kosinn af stjórn Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Þeir skipta sjálfir með sér verkum.

144

4. júlí

6. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Peningum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt, sem sjóðstjórnin telur tryggan.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sama tíma og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvörðun sína um ávöxtun sjóðsins, úthlutun úr honum og annað sjóðnum viðvíkjandi, er máli skiptir.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema til samræmingar löggjöf, er kynni að koma í bága við ákvæði hennar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta ríkisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi er þannig sett í umboði gefenda og í samráði við skólastjóra Iðnskólans.

145

6. júlí

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 61 18. júlí 1928, sbr. auglýsingu nr. 79 26. maí 1942 og auglýsing nr. 94 7. júlí 1949.

1. gr.

Við 3. mgr. 15. gr. hafnarreglugerðarinnar, sbr. 3. gr. auglýsingar nr. 79/1942, bætist: Sama gildir um erlend fiskiskip.

2. gr.

VII. kafli, 22. gr. b. og c. liðir orðist svo:

- b. Innlend fiskiskip greiði 30 aura fyrir hverja smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 8 krónur.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip sem leita til hafnar vegna sjótjóns, er sannast í sjóprófi, skulu greiða 50 aura í lestagjald fyrir hverja smálest í hvert sinn er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr 12.00. Strandferðaskip ríkisins greiði þó einungis 20 aura fyrir hverja nettó smálest og skip Eimskipafélags Íslands 45 aura fyrir hverja nettó smálest, hvoru tveggja án viðbótargjalds.

3. gr.

33. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Vörugjaldskrá:

- 1. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:

Kol, salt, sement, korn og mjölvara, sykur (annar en strásykur), kartöflur og annar garðávöxtur, rófur, kálmeti og þess háttar, saltfiskur, síldarmjöl, fiskimjöl og lýsi.